

Fundarnúmer:	569
Dagsetning:	17.11.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

569. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 17. nóvember 2008 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Boðun fundar með Alþingismönnum Norðvesturkjördæmis.
2. Fundargerð stjórnar SSNV frá 4. nóvember sl.
3. Fundargerð 758. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Aukaframlag 2008.
5. Bréf Audrius Grinys. Uppsögn leiguíbúðar.
6. Bréf formanns stjórnar USVH.
7. Erindi v/ gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf framkvæmdastjóra SSNV en þar er boðað til fundar sveitarstjórnarmanna með Alþingismönnum Norðvesturkjördæmis. Fundurinn verður haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi miðvikudaginn 19. nóvember nk. kl. 13:00.
2. Til kynningar lögð fram fundargerð stjórnar SSNV frá 4. nóvember sl.
3. Til kynningar lögð fram fundargerð 758. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Fram lagt bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem greint er frá heildarúthlutun aukaframlags sjóðsins á árinu 2008. Alls nam aukaframlag til Húnaþings vestra á árinu 2008 kr. 39.110.220-
5. Bréf Audrius Grinys lagt fram en þar segir hann upp leiguíbúð að Garðavegi 18. efri hæð frá og með 1. febrúar nk. Byggðarráð samþykkir að auglýsa íbúðina til leigu.
6. Fram lagt bréf formanns USVH. Í bréfinu er leitað eftir stuðningi sveitarstjórnar Húnaþings vestra við umsókn USVH um að halda Unglingalandsmót UMFÍ árið 2011. Byggðarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkir að vísa því til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009.
7. Fram lögð erindi sem borist hafa vegna gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009. Erindin eru frá eftirtöldum aðilum; Menningarráði Norðurlands vestra, Golfklúbbnum Hvammi, Skógræktarfélagi V-Hún., Umf. Kormáki, Fjallskilastjórn Vatnsnesinga, Fjallskilastjórn Vesturhóps, Fjallskilastjórn Víðdælinga, Fjallskilastjórn Miðfirðinga, Fjallskilastjórn Hrutfirðinga, Félagi eldri borgara í V-Hún., Starfsfólki Leikskólans Ásgarðs, Selasetri Íslands, Björgunarsveitinni Húnum, Hvammstangakirkju, Starfsmannafélagi Húnaþings, Æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Þyts, Byggðasafninu á Reykjum, Félagsheimilinu Hvammstanga, Grettistaki ses., Félagsheimilinu í Víðihlíð og Hestamannafélaginu Þyt. Samþykkt að vísa erindunum til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Vegna óskar Odds Sigurðarsonar á 561. fundi byggðarráðs um að bókaður verði kostnaður við gerð skýrslu og framhaldsathugunar frá R3 ráðgjöf ehf um rekstur Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra upplýsti sveitarstjóri að kostnaður er alls kr. 873.318- með vsk. Fram lögð eftirfarandi bókun frá áheyrnarfulltrúa Samfylkingarinnar: „Þar sem skýrslan og framhaldsathugunin standast ekki sjálfan sig a.m.k. tölulega, tel ég lágmark að verktakinn, í þessu tilfelli R3 ráðgjafar, skili af sér tölulega réttum upplýsingum í skýrslu á þessu verðlagi“.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:45.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Þ. Karl Eggertsson(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).